

Byggingarár húsa á Búðum í Fáskrúðsfirði

Kristín Ágústsdóttir

Unnið fyrir Veðurstofu Íslands

EFNISYFIRLIT

1	INNGANGUR.....	2
2	GAGNAÖFLUN OG ÚRVINNSLA.....	3
3	ÁGRIP AF BYGGÐASÖGU BÚÐAÞORPS	5
3.1	<i>Jörðin Búðir</i>	5
3.2	<i>Upphaf þéttbýlis</i>	5
3.3	<i>Þróun byggðar</i>	7
3.4	<i>Íbúafjöldi</i>	8
4	OFANFLÓÐAHÆTTA	9
5	HÚSALISTI.....	10
6	ÞAKKIR.....	23
7	HÚSANAFNASKRÁ – HORFIN HÚS	24
8	HEIMILDASKRÁ	25
	KORT	26
	VIÐAUKI I – HNI TASKRÁ - HÚS SEM STANDA Í DESEMBER 2003	VI-1
	VIÐAUKI II - ATHUGASEMDIR VIÐ BYGGINGARÁR HÚSA SEM STANDA Í DES. 2003.....	VII-1
	VIÐAUKI III – MYNDKORT - BÚÐIR FYRIR ALDAMÓTIN 1900	VIII-1

1 INNGANGUR

Að beiðni Veðurstofu Íslands hefur Náttúrustofa Austurlands gert úttekt á byggingarárum húsa á Fáskrúðsfirði. Tilgangur verkefnisins er að afla upplýsinga fyrir mat á ofanflóðahættu á Fáskrúðsfirði. Reynt var að afla vitneskju um hvenær hús á Fáskrúðsfirði voru byggð, staðsetningu þeirra og hvenær einstök hús hurfu af sjónarsviðinu. Verkefnið er sambærileg öðrum verkefnum Veðurstofu Íslands um byggingarár húsa á þéttbýlisstöðum sem búa við ofanflóðahættu (t.d. Kristín Ágústsdóttir 2001; Harpa Grímsdóttir 1998).

Í janúar 2004 kom út drög að skýrslu um byggingarár húsa á Fáskrúðsfirði (Kristín Ágústsdóttir 2004). Þessi skýrsla er mjög sambærilegt henni, en eitt og annað hefur verið leiðrétt og lagfært eftir ábendingum staðkunnugra. Auk þess sem *Viðauki I – Hús sem standa í desember 2003* hefur verið uppfærður og sýnir nú, auk heimilisfangs og nafns húss, hnitsetta staðsetningu og byggingarár.

2 GAGNAÖFLUN OG ÚRVINNSLA

Helstu heimildir sem varðveita upplýsingar um hús og byggingarár húsa á Íslandi eru fasteignamat og byggðasögurit. Fasteignamat fyrir Fáskrúðsfjarðarhrepp frá árunum 1849 og 1916 og fasteignamat fyrir Búðahrepp frá árunum 1916, 1930 og 2002 var yfirfarið og byggingarár húsa skráð á kort. Reynsla fyrri verkefna af sama tagi hefur leitt í ljós að upplýsingar um byggingarár fasteigna í fasteignamati eru ekki mjög nákvæmar. Stundum er misræmi á milli ára og stundum vantaði upplýsingar um byggingarár húsa (Kristín Ágústsdóttir 2001; Harpa Grímsdóttir 1998). Oftast er breytingin í þá átt að hús eru sögð yngri en þau eru. Ef ósamræmi var á milli heimilda í þessu verkefni voru upplýsingar Sigmars Magnússonar (2000) látnar ráða fyrst, svo upplýsingar Guðrúnar Gunnarsdóttur (án ártals), þá elsta fasteignamatið og svo koll af kolli.

Í fasteignamati frá árunum 1849, 1916 og 1930 voru fasteignir aðgreindar með nöfnum, en ekki götunúmerum eða húsnúmerum. Með aðstoð ritsins *Húsanöfn á Fáskrúðsfirði* sem Guðrún Gunnarsdóttir (án ártals) á Fáskrúðsfirði hefur tekið saman gekk nokkuð vel að tengja saman gömul húsanöfn og götunöfn og –númer sem eru notuð í dag. Einnig komu skipulagsuppdrættir sem fengnir voru hjá Skipulagsstofnun að gagni (Ágúst Böðvarsson 1944-1945; Skipulagsstofnun ódagsettur uppdráttur af Búðum; Stavanger Elektriske Verksted o/s 1923).

Því miður hefur ekki verið rituð saga Fáskrúðsfjarðar, en ágætar upplýsingar um þéttbýlismyndun var að finna í grein Sigmars Magnússonar (2000) *Þéttbýli verður til. Um myndun Búðarþorps* í tímaritinu Múlaping. Reyndar er til saga Fáskrúðsfjarðar eftir Sigmar Magnússon í handritsformi, en það var ekki notað í þessu verkefni. Þá reyndist *Fornleifaskráning í Búðahrepp* sem Guðný Zoëga (2002) vann notadrjúg, sérstaklega loftmynd sem sýnir staðsetningu húsa í Búðarþorpi um aldamótin 1900. Það kort er birt í Viðauka III með þessari skýrslu með góðfúslegu leyfi Guðnýjar.

Aðrar heimildir sem komu að notum voru m.a. árbækur Ferðafélags Íslands (Stefán Einarsson 1955; Hjörleifur Guttormsson 2002), Iðnsaga Íslendinga (Smári Geirsson 1989; Smári Geirsson 1995) og Sveitir og Jarðir í Múlapingi (Sigmar Magnússon 1995; Sigmar Magnússon 1976).

Verkefnið var að mestu unnið í desember 2003 og janúar 2004, en gagnaöflun fór fram á vormánuðum ársins 2003. Afrakstur þeirrar vinnu kom fram í drögum að skýrslu um byggingarár húsa á Fáskrúðsfirði í janúar 2004.

Á sumarmánuðum 2004 kom fram ósk frá Veðurstofunni um að reyna að ljúka verkinu með vettvangsferð og samtölum við heimamenn. Þann 28. febrúar 2005 var farið í vettvangsferð til Fáskrúðsfjarðar og rætt við Finnþóga Jónsson, Guðrúnu Gunnarsdóttur og Hauk Jónsson, en þau eru öll áhugafólk um gömul hús á Fáskrúðsfirði. Nokkrar athugasemdir komu fram á þeim fundi og hafa breytingar verið gerðar á upprunalegum skýrsludrögum í samræmi við þær.

Samkvæmt samtali við Tómas Jóhannesson á Veðurstofunni í janúarbyrjun 2003 var gert ráð fyrir að húsasaga á Fáskrúðsfirði yrði töluvert umfangsminni en t.d. húsasaga Eskifjarðar. Samantekt um sögu átti að vera einföld og snúast fyrst og fremst um byggðina meðfram helstu lækjum bæjarins. Kort átti að vera einfalt og sýna einungis á hvaða tímabili ákveðin hverfi Fáskrúðsfjarðar byggðust upp.

Farin var sú leið að flokka byggingarár húsa í fimm flokka:

- Hús byggð árið 1900 og fyrr
- Hús byggð á árunum 1901-1925
- Hús byggð á árunum 1926-1950
- Hús byggð á árunum 1951-1975
- Hús byggð eftir 1976

Hver og einn flokkur fékk ákveðin einkennislit. Með þeim hætti má lesa út úr kortinu á hvaða tímum hverfi Fáskrúðsfjarðar byggðust upp.

Ekki reyndist unnt að setja inn á kort staðsetningu horfinna húsa eins og gert var í húsasögu Eskifjarðar (Kristín Ágústsdóttir 2001) vegna þess þrönga stakks sem verkefninu var sniðinn. Áðurnefnt myndkort Guðnýjar Zoëga af staðsetningu húsa á Búðum fyrir aldamótin 1900 er látið nægja.

Kortið er unnið úr tölvutækum gögnum frá árinu 2003 frá byggingafulltrúa Fáskrúðsfjarðar (nú Austurbyggðar), Elisar B. Eiríkssonar og með aðstoð loftmynda frá Loftmyndum ehf.

Í ljós kom að þetta verkefni var töluvert tímafrekara en sambærilegt verkefni sem unnið var um byggingarár húsa á Eskifirði og munar þar mestu um ítarlega upptalningu húsa í Eskju, sögu Eskifjarðar og skýrslu Harðar Ágústssonar um Húsakönnun á Eskifirði.

3 ÁGRIP AF BYGGÐASÖGU BÚÐAÞORPS

3.1 Jörðin Búðir

Jörðin Búðir var hjáleiga frá Kirkjubóli (Sigmar Magnússon 1976). Bærinn stóð rétt utan við leirurnar í botni fjarðarins (Stefán Einarsson 1955). Síldveiðar og verslun hófust á Búðum upp úr 1880 og þá tók fljótlega að myndast kauptún sem byggt er í landi Búða. Þröngbýlt var orðið á bæjunum í kring og fólk fór að setjast að á Búðum vegna umsvifa tengdum veiðum. Sem bújörð eru Búðir horfnar úr fasteignabókum árið 1922 og landið lagt undir kauptúnið (Sigmar Magnússon 1976).

3.2 Upphaf þéttbýlis

Líkt og víðar á Austfjörðum tók þéttbýli að myndast á Fáskrúðsfirði í kringum veiðar og verslun fyrir aldamótin 1900. Ekki ber mönnum saman um hvort það eru síldveiðar (Páll Líndal 1982) eða löggilding Búða sem verslunarstaðs (Sigmar Magnússon 1976) sem marka upphaf þéttbýlis að Búðum.

Árið 1883 var síldveiði í Fáskrúðsfirði mjög lífleg og um það leiti settu nokkur síldveiðifélög upp aðstöðu á því svæði þar sem nú er kauptúnið Búðir. Veiðifélag kennt við Larsen setti upp aðstöðu í landi Kappeyrar, töluvert utan við núverandi þorpsmörk. Hús Larsen veiðifélagsins var síðar flutt í Hafnarnes, sunnan í Fáskrúðsfirði og gert að íbúðarhúsi. Otto Wathne hóf síldveiðar frá Fáskrúðsfirði árið 1882 eða 1883 og reisti hús innar í firðinum, litlu neðar en þar sem nú er Læknishúsið eða Ráðhús Austurbyggðar, Hafnargötu 12. Tvö þessara húsa entust vel: **Wathneshúsið** sem var rífið 1969 og **Wathnessjöhús** sem stendur enn við Hafnargötu 7. (Sigmar Magnússon 2000; Guðrún Gunnarsdóttir). Arnliés nokkur reisti hús þar fyrir innan sem Peter Stangeland keypti árið 1885, líklegast á þeim sömu slóðum og húsaþyrping Stangelands var, innan og neðan við þar sem nú er Pétursborg, á Búðavegi 12a. Þá reisti Thoresen nokkur aðstöðu, líklegast á Álfamelseyri en kaupmennirnir Örum og Wulff keyptu eignir hans síðar þegar þeir settust að á Fáskrúðsfirði um 1888-1889 (Sigmar Magnússon 2000).

Á níttjándu öld skiptist Austurland í þrjú verslunarsvæði og tilheyrði Fáskrúðsfjörður Reyðarfirði. Þá var verslunarstaður Fáskrúðsfirðinga í Breiðuvík í Helgustaðahreppi og síðar á Eskifirði. Upp úr 1870 fóru lausakaupmenn að sigla inn á fjörðinn annað slagið á vorin (Sigmar Magnússon 1976). Verslun hefur þó líklega verið stunduð þar mun fyrir því í sóknarlýsingu Kolfreyjustaðarsóknar frá árinu 1841 er getið um sögusagnir þess efnis að þýskir menn hafi átt verslunarbúðir í firðinum til forna. Þær munu hafa verið staðsettar í svokölluðum Búðakrök, eða á þeim slóðum þar sem nú standa hús við Búðaveg 49-59 (Guðný Zoëga 2002).

Fyrsti kaupmaðurinn til að koma upp fastaverslun á Búðum mun hafa verið Friðrik Wathne, bróðir Otto Wathne. Ekki er ljóst hvaða ár það var, en það var a.m.k. ekki fyrir en eftir 1878 (Sigmar Magnússon 1976) og líklegast ekki fyrir en eftir 1886 þegar Friðrik sest að á Búðum (Sigmar Magnússon 2000). Ekki getur Sigmar um staðsetningu Watnesverslunar, en að líkindum hefur hún verið á þeim slóðum þar sem Watnessjöhúsið, Hafnargötu 7 stendur í dag (Mynd 1, bls. 6). Árið 1889 fer Friðrik frá Búðakaupstað (Sigmar Magnússon 2000).


Árið 1888 opnaði Carl Tulínus kaupmaður á Eskifirði útibú frá verslun sinni á Eskifirði á Búðum (Sigmar Magnússon 1976). Enn standa tvö hús sem reist voru á þeim tíma: **Sjólust** (það hús mun hafa skipt oft um nafn og hefur m.a. verið nefnt Búðaströnd, Búðakaupstaður, Framkaupstaður, Skriða, Rúst og Gerði), Búðavegi 41a, sem talið er byggt 1884 og **Tangi**, Hafnargötu 17 sem talið er byggt 1895 (Hjörleifur Guttormsson 2002; Guðrún

Gunnarsdóttir). Jón Stefánsson var verslunarstjóri Tuliniusar og sú verslun var einnig kölluð ýmsum nöfnum, en nöfnin Tangaverslun og Miðströnd voru lífseigust. Fyrst var verslun Tuliniúsar staðsett í nágrenni við Sjólyst og hét þá Framkaupstaður, en árið 1885 byggði hann nýtt verslunarhús utar í þorpinu, Útkaupstað eða Tanga sem enn stendur (Mynd 1, bls. 6) (Sigmar Magnússon 2000).

Árið 1889 keyptu Örum og Wulff, kaupmenn á Eskifirði, aðstöðuhús veiðifélags Thoresens á Álfamelseyri, innan við Hafskipabryggjuna og settu þar upp verslun. (Sigmar Magnússon 1976; 2000). Það var Carl Guðmundsson kaupmaður sem rak þá verslun og hét hún ýmsum nöfnum. Í upphafi kallaðist hún Útkaupstaður, enda stóð hún utar en verslun Tuliniúsar í Framkaupstað. Þegar verslun Tuliniúsar var svo flutt utar í þorpið gátu verslanirnar ekki haldið upprunalegum nöfnum (Mynd 1). Um tíma var verslun Karls Guðmundssonar kölluð Álfavík, en fljótlega fékk hún nafnið Framkaupstaður sem var lífseigast (Sigmar Magnússon 2000, Stefán Einarsson 1955). Framkaupstaðarverslun brann (Stefán Einarsson 1955).

Þriðja fastaverslunin kom á Fáskrúðsfjörð árið 1897 þegar Peter Stangeland settist að með fjölskyldu sína í Kobbervík sem oft var nefnd Miðkaupstaður í samræmi við hinar verslanirnar Út- og Framkaupstað (Sigmar Magnússon 2000). Á seinni árum er Kobbervík betur þekkt undir nafninu Hoffell. Húsapýrpingin í Miðkaupstað var á svæðinu innan og neðan við Pétursborg á Búðavegi 12a (Mynd 1).

Búðir urðu ekki löggildur verslunarstaður fyrr en 1893. Baráttan fyrir löggildingu verslunarstaðs á Búðaströnd, byggði einkum á þeim rökum að aðsókn erlendra sjómanna væri þar mikil (Páll Línadal 1982). Var þar bæði vísað til síldveiðimanna sem nefndir eru hér að framan og franskra sjómanna sem á síðari hluta 19. aldar og fram yfir aldamótin 1900 höfðu Fáskrúðsfjörð að bækistöð á Austurlandi og var töluvert verslað við þá. Í febrúar og mars ár hvert komu þeir á frönsku skútunum og dvöldu fram á haust. Á Fáskrúðsfirði reistu fransmenn m.a. sjúkaskýli árið 1896, kapellu árið 1901 og sjúkrahús árið 1903. **Franski Spítalinn** stóð við Hafnargötu 11, neðan við þar sem nú er Ráðhús Austurbyggðar, Hafnargötu 12 en var fluttur út á Hafnarnes árið 1940. **Franska Kapellan** við Grund, stóð við Hamarsgötu 8 en árið 1924 var hún rifin og endurbyggð þar sem hún stendur í dag við Skólaveg 70a og heitir **Dagsbrún**. Sjúkaskýlið stendur enn í dag á þeim stað þar sem það var reist og kallast nú **Grund**, við Hamarsgötu 8 (Guðrún Gunnarsdóttir, Elis B. Eiríksson byggingafulltrúi Fáskrúðsfjarðar 2004).




Mynd 1 - Gróf staðsetning fyrstu verslana á Búðum. Inn á myndina vantar staðsetningu á verslun Friðrik Watne.

3.3 Próun byggðar

Framan af tilheyrði Búðarorp Fáskrúðsfjarðarhreppi, en árið 1907 var honum skipt í tvo hreppa: Búðahrepp og Fáskrúðsfjarðahrepp (Stefán Einarsson 1955).

Þegar á síðustu áratugum 19. aldarinnar hafði myndast vísir að þorpi og voru þá a.m.k. 32 hús í þorpinu, fæst þeirra standa enn (Guðný Zoëga 2002; Guðrún Gunnarsdóttir). Um aldamótin 1900 var um 40 húsa byggð komin á Fáskrúðsfirði (Hjörleifur Guttormsson 2002) og þorpsbúar á þriðja hundrað (Hagstofa Íslands). Hermannskofi var lengi vel innsta húsið í þeim vísi sem komin var að þorpi, en hann stóð rétt innan við Hermannslæk, innan og ofan við kirkjugarðinn. Hætt var að búa í **Hermannskofa** árið 1897 (Sigmar Magnússon 2000). Nöfn húsa breyttust ört á þessum tíma og stundum rituðu t.d. prestur og hreppstjóri sama húsið með mismunandi nafninu sama árið (Sigmar Magnússon 2000).




Mynd 2 – Hús sem byggð eru fyrir 1901 og standa enn.

Í fasteignamati fyrir Búðahrepp frá árinu 1918 eru fasteignir taldar 84, en nokkrar fasteignir telja engin hús. Innst er hús Erlends Ísleifssonar, **Innri-Búðir** sem var á sama stað og núverandi Búðir, Skólavegi 105. Ysta byggingin á þessum tíma var slökkvivelahús í eigu Búðahrepps, eitthvað utan við Bræðsluhús Stangelands sem stóð þar sem nú er Hafnargata 1b (Fasteignamat fyrir Búðahrepp 1916, Guðrún Gunnarsdóttir).


Á uppdrætti af Fáskrúðsfirði frá árinu 1923 voru húsin rúmlega sjöfú, auk ótalinna útihúsa (Stavanger Elektriske Verksted 1923) og íbúar hátt á fimmta hundrað (Hagstofa Íslands). Húsin voru nokkuð dreifð meðfram ströndinni og upp í hlíðina. Þéttust er byggðin á svæðinu frá Tanga (Hafnargötu 17) að Hrauni (Búðavegi 18). Einkum þó á svæðinu milli tveggja ónefndra lækja sem renna utan og innan við þar sem nú er Hafnargata 21.

Í fasteignamati frá árinu 1930 segir: „Í landi jarðarinnar [Búða] er svonefnt Búðarorp með húsum og mannvirkjum um 110 stærri og smærri íbúðarhús, auk sjóhúsa. Innri-Búðir var ennþá innsta húsið í bænum og Stangelandsbræðslan, nú nefnd Hlaðhamar, er þá ysta húsið (Fasteignamat fyrir Búðahrepp 1930).



Mynd 3 – Hús sem byggð eru fyrir 1926 og standa enn.


Segja má að í þeim vísir að þorpi við Búðastrand sem komin var fyrir aldamótin 1900 hafi ystu og innstu hús markað nokkurn vegin það svæði þar sem þéttbýlið við Búðir stendur í dag. Til að byrja með var byggðin dreifð næst ströndinni og aðeins upp í hlíðina. Kjarnar mynduðust í nágrenni við verslunarstaðina Framkaupstað (Búðavegi 32-36), Kobbervík (Búðavegi 12) og Tangaverslun (Hafnargötu 17). Á síðari hluta þessarar aldar tók byggðin svo að þéttast og færast ofar í hlíðina.



Mynd 4 – Hús sem byggð eru fyrir 1951 og standa enn.

3.4 Íbúafjöldi

Íbúum í Búðahreppi fjölgaði nokkuð hratt fram til 1930 en það ár voru íbúar 637. Eftir það fór íbúum fækkandi á Búðum og árið 1950 voru þeir 581. Þá fór að fjölga aftur á Búðum, allt fram til ársins 1990 þegar íbúar voru 757. Á síðasta áratug síðustu aldar og fram til ársins 2002 fækkaði jafnt og þétt á Búðum. Árið 2002 bjuggu 569 á Búðum. En árið 2003 dró til tíðinda þegar íbúum fjölgaði í Búðahreppi í fyrsta sinn í rúman áratug og voru þeir samtals 592 (sjá Mynd 5).



Mynd 5 – Mannfjöldapróun á Fáskrúðsfirði frá 1769-2003 (Hagstofa Íslands).

4 OFANFLÓÐAHÆTTA

Lauslega hefur verið gerð grein fyrir ofanflóðahættu á Fáskrúðsfirði í minnisblaði Tómasar Jóhannessonar (2002) *Ofanflóð á Fáskrúðsfirði. Frumkönnun á aðstæðum og umsögn vegna undirbúningsvinnu fyrir aðalskipulag Búðahrepps 2000-2020*. Ljóst er að snjóflóð, einkum blaut krapaflóð hafa valdið slysum og eignartjóni á Búðum, en þurr snjóflóð sem valdið hafa slysum og eignartjóni í Fáskrúðsfirði hafa öll fallið utan þéttbýlisins á Búðum. Tvisvar sinnum hefur flóð fallið á hús á Búðum svo vitað sé. Það fyrra féll árið 1905, en ekki er með vissu vitað á hvaða hús það flóð féll, en hugsanlega er talið að það hafi fallið á **Framkaupstað**. Húsin í Framkaupstað stóðu þar sem nú er Fram, Hafnargötu 32-36. Það seinna féll árið 1919 á hús Halls Pálssonar, **Gamla Nýjabæ** sem stóð rétt við þar sem nú er Skólavegur 80a. Talið er að það flóð hafi átt upptök sín í Nýjabæjarlæk.

Rétt innan við þorpið er að finna þriðja húsið sem vitað er til þess að flóð hafi fallið á, **Einarsstaðir** (innri), sem stóðu skammt ofan við verkstæðið við Ljósaland. Árið 1949 eða 1950 mun krapa- og aurlaup hafa tekið af rústir Einarsstaða sem þá var orðið eyðibýli (Tómas Jóhannesson 2002).

Litlu er við minnisblað Tómasar að bæta um krapa- og snjóflóð. Í fasteignamati fyrir Búðahrepp árin 1916 og 1918 segir um Búðajörð að ókostir hennar séu: „*Engir sérlegir. Fyrir kemur að snjóflóð valda skemmdum*“ (Fasteignamat 1916) og „*Snjóflóð gjöra stundum skaða*“ (Fasteignamat 1918). Þá segir einnig í fasteignamati árið 1930 fyrir Fáskrúðsfjarðarhrepp að á jörðinni Kirkjubóli sem er innan við þorpið séu ókostir þeir að: „*Skriður og snjóflóð falla stundum*“. Á sama stað segir um jörðina Kappeyri: „*Stundum koma snjóflóð yfir túnið*“.

Halldór G. Pétursson og Höskuldur Búi Jónsson (2004) hafa gert grein fyrir skriðuhættu og ummerkjum ofanflóða á Fáskrúðsfirði í skýrslu sem unnin var af Náttúrufræðistofnun Íslands fyrir Ofanflóðasjóð. Megin niðurstaða Halldórs og Höskuldar Búa er sú að byggð við Fáskrúðsfjörð stafi óveruleg hættu af aurskriðum og grjóthruni og að ekki sé talin ástæða til að draga hættumatslínur vegna þeirra. Ekki leggja þeir mat á aðra ofanflóðahættu s.s. krapaflóð eða snjóflóð, enda er það hlutverk Veðurstofu Íslands.

5 HÚSALISTI

Í húsalistanum sem hér fer á eftir eru skráð nöfn þeirra húsa sem hafa komið fram við vinnslu þessarar skýrslu og eru að öllum líkindum horfin. Helsti þröskuldurinn við gerð listans var sú staðreynd að á fyrstu áratugum þéttbýlisins á Búðum reyndust nöfn húsa ekki mjög varanleg. Gjarnan kom nýtt nafn með nýjum ábúanda (Sigmar Magnússon 2000).

Í listanum er gerð grein fyrir staðsetningu, byggingarári, öðrum nöfnum ef þau eru þekkt, eiganda/ábúanda, örlögum ef þau eru þekkt og öðrum athugasemdum ef einhverjar eru fyrir hvert og eitt hús. Ef viðkomandi atriði er ekki þekkt er því sleppt úr upptalningu fyrir það hús, það á þó einkum við um liðina *Örlög* og *Önnur nöfn*.

Listinn hefst yst í bænum og endar fyrir innan bæinn. Nokkur hús sem stóðu innan við þorpið, rétt utan við Ljósaland fengu að fljóta með. Þar á milli er því sleppt fram og tilbaka um þorpið. Reynt var að samræma þennan lista eins og kostur var með hjálp heimamanna, en mögulegt er að sum hús séu nefnd oftár en einu sinni undir mismunandi nöfnum. Þá eru líkur á því að í listanum leynist hús sem mögulega standa ennþá undir öðrum nöfnum. Ekki var lagt í vinnu við að skrá hvert útihús eða kofa, enda erfitt að afla upplýsinga um allt slíkt.

Flóð hafa líklega fallið á þrjú hús í þessum lista og eru þau auðkennd með stjörnu framan við nafnið. Ef ekki eru staðfestar upplýsingar um að flóð hafi fallið á húsið er stjarnan höfð innan sviga.

Reynt var að halda til haga þeim upplýsingum um hús sem fundust og því var ekki tekin afstaða til ósamræmis í upplýsingum um hvenær hús var byggt, heldur eru allar upplýsingar látnar fljóta með og grein gerð fyrir hvernig heimildir greinir á. Þetta á fyrst og fremst við um byggingarár húsa og eru heimildir skammstafaðar þannig að upplýsingar frá Sigmari Magnússyni eru auðkenndar með **SM**, upplýsingar frá Guðrúnu Gunnarsdóttur eru auðkenndar með **GG** og upplýsingar úr fasteignamati eru auðkenndar með **FM** og ártali eftir því um hvaða fasteignamat er að ræða. Það sem byggt er á niðurstöður fundar með Finnþoga Jónssyni, Guðrúnu Gunnarsdóttur og Hauki Jónssyni þann 28. febrúar 2005, þar sem farið var yfir drög að þessum lista, er auðkennt með upphafsstöfum þeirra þriggja **FGH**.

SLÖKKVIVÉLAHÚS

Staðs.: Utan við Stangelands-bræðslu sem stóð þar sem nú er Hafnargata 1b.

Byggingarár:? Stóð a.m.k. 1916 skv. Fasteignamati.

Önnur nöfn: Slökkvískúr.

Eigandi/ábúandi: Búðahreppur.

Heimild: Fasteignamat fyrir Búðahrepp 1916.

STANGELANDS-BRÆÐSLA

Staðs.: Þar sem nú er Hafnargata 1b.

Byggingarár: 1914 skv. GG en 1924 skv. FM1930.

Önnur nöfn: Hlaðhamar, Bræðsluhús Stangelands.

Eigandi/ábúandi: 1916: Hans P. Stangeland. 1930: Bræðrafélagið Hlaðheimar.

Örlög: GG: Rifið 1972, SG: Nýtt vélaverkstæði var smíðað og tekið í notkun 1985-1986. FGH: 1985

Aths.: Vélaverkstæðið var fyrst til húsa í gömlu lifrarbræðslu H. Stangelands. Skv. Hauki Jónssyni var bræðslan rifin árið 1985 innan úr nýja vélaverkstæðinu sem reist var utan um hana. Útendinn var Stangelandsbræðslan sem var lengi aðstaða fyrir trillukarla. Innendinn var sementsgeymsla.

Heimild: Guðrún Gunnarsdóttir; Smári Geirsson 1989; Fasteignamat fyrir Búðahrepp 1916; Fasteignamat fyrir Búðahrepp 1930.

FISKEYRI

Staðs.: Þar sem frystihúsið er í dag, við Hafnargötu 3-5

Byggingarár: 1916, stækkað 1920.

Eigandi/ábúandi: 1930: Stefán Jakobsson.

Aths.: Sjóhús, fisksöltun, fiskigeymsla, salt- og kornvörugeymsla. Í FM 1930 er það talið allvandað af slíku húsi.

Heimild: Guðrún Gunnarsdóttir; Fasteignamat fyrir Búðahrepp 1916; Fasteignamat fyrir Búðahrepp 1930.

FISKEYRI (ELDRI)

Staðs.: Ekki kunn.

Byggingarár: 1896.

Önnur nöfn: Landamót, Vín.

Eigandi/ábúandi: 1896: Eyjólfur Wíum.

Aths.: Komið hefur fram sú tilgáta að hér sé um að ræða annað nafn á Vingólf (FGH), en það er ekki að sjá á umfjöllun Sigmars.

Heimild: Sigmar Magnússon 2000, FGH 2005.

LANGAVITLEYSA

Staðs.: Við Hafnargötu, þar sem frystihúsið er í dag.

Byggingarár: 1903.

Eigandi/ábúandi: 1916: Stefán Jakobsson, Eyjólfur Ólafsson, Jón Stefánsson og Hjörtur Pálsson.

Aths.: Geymsluhúsnæði.

Heimild: Guðrún Gunnarsdóttir; Fasteignamat fyrir Búðahrepp 1916.

FRYSTIHÚS ÍS- OG FRYSTI-FÉLAGS FÁSKRÚÐSFJARÐAR

Staðs.: Á þeim slóðum þar sem nú er frystihús Loðnuvinnslunnar.

Byggingarár: 1895, stækkað 1908.

Önnur nöfn: Jökull.

Eigandi/ábúandi: 1916: Ís- og frystifélag Fáskrúðsfjarðar. 1930: Hf. Jökull.

Aths.: Árið 1916 stóðu tvö ísgeymsluhús og eitt frystihús. Árið 1930 var þar síldar- og ísgeymsla, frystiklefar og skúrar.

Heimild: Fasteignamat fyrir Búðahrepp 1916; Fasteignamat fyrir Búðahrepp 1930.

K.F.F.B. SÍLDARSÖLTUNARSKÝLI

Staðs.: Hafnargötu 5b, á þeim slóðum þar sem frystihúsið er nú.

Byggingarár: 1965.

Eigandi/ábúandi: Kaupfélag Fáskrúðsfirðinga.

Örlög: Rifið 2001.

Heimild: Guðrún Gunnarsdóttir.

MIÐSTRÖND

Staðs.: Innan við bræðslu

Loðnuvinnslunnar við Hafnargötu 1.

Byggingarár: 1895

Önnur nöfn: Miðstrandartangi, stundum Tangi.

Eigandi/ábúandi: Carl D. Tulinius

Örlög: Rifið 1994.

Aths.: Til er annar Tangi sem stendur við Hafnargötu 17 frá því í verslunartíð Tulíníusar (1885).

Heimild: Guðrún Gunnarsdóttir; Sigmar Magnússon 2000; Fasteignamat fyrir Búðahrepp 1930; FGH 2005.

FAGRAHLÍÐ

Staðs.: Ofan við núverandi frystihús, Hafnargötu 5 (sjá kort í Viðauka III).

Byggingarár: Fyrir 1901.

Önnur nöfn: Halldórshús, Sæbjargarhús.

Eigandi/ábúandi: 1916: Halldór Runólfsson.

Örlög: Rifið.

Heimild: Guðrún Gunnarsdóttir; Fasteignamat fyrir Búðahrepp 1916.

FRANSKI SPÍTALINN

Staðs.: Við Hafnargötu 11, Gamla BP bensínafgreiðslan stóð á grunni Franska spítalans.

Byggingarár: 1903.

Eigandi/ábúandi: 1916: Franska stjórnin.

Örlög: Fluttur á Hafnarnes um 1940 (GG). Fluttur á Hafnarnes skv. Hauki Jónssyni 1938.

Aths.: Byggður af Frökkum.

Heimild: Guðrún Gunnarsdóttir; Fasteignamat fyrir Búðahrepp 1916; FGH 2005.

BP BENSÍNAFGREIÐSLA

Staðs.: Hafnargötu 11.

Eigandi/ábúandi: Olíuverslun Íslands

Örlög: Rifið 15. júní 1974.

Heimild: Guðrún Gunnarsdóttir.

WATHNESHÚS

Staðs.: Við Hafnargötu, neðan og utan við Ráðhús Austurbyggðar, Hafnargötu 12 (sjá kort í Viðauka III).

Byggingarár: GG:1894. FM1930: 1890.

Eigandi/ábúandi: 1894: Guðmundur Jónsson og Hólmfríður frá Seyðisfirði, 1916: Fr. Wathne, Seyðisfirði.

Örlög: Rifið 1969.

Aths.: Auk íbúarhúss voru reist sjóhús og viðbygging sem í var m.a. ofurlítill sölubúð.

Heimild: Guðrún Gunnarsdóttir; Fasteignamat fyrir Búðahrepp 1916; Fasteignamat fyrir Búðahrepp 1930. Sigmar Magnússon 2000.

ESSO BENSÍNAFGREIÐSLA

Staðs.: Við Hafnargötu, utan við Valhöll.

Eigandi/ábúandi: Esso.

Örlög: Rifið 1974.

Heimild: Guðrún Gunnarsdóttir.

EINARSSTAÐIR (YTRI)

Staðs.: Utan við Lækjarhvol, Hamarsgötu 17 (sjá kort í Viðauka III).

Byggingarár: Fyrir 1888.

Eigandi/ábúandi: 1916: Hinar sameinuðu íslensku verslanir. 1930: Ragna Guðmundsdóttir.

Örlög: Rifið 1973.

Heimild: Guðrún Gunnarsdóttir; Fasteignamat fyrir Búðahrepp 1916; Fasteignamat fyrir Búðahrepp 1930.

AUÐSBERG (ELDRA)

Staðs.: Þar sem nú stendur Auðsberg (yngra) Hamarsgötu 15 (sjá kort í Viðauka III).

Byggingarár: 1896.

Eigandi/ábúandi: 1916: Auðbjörg Gunnarsd., 1930: Jósep Gunnarss.

Örlög: Rifið fyrir 1945 en þá er Auðsberg yngra reist.

Heimild: Guðrún Gunnarsdóttir; Fasteignamat fyrir Búðahrepp 1916; Fasteignamat fyrir Búðahrepp 1930; FGH 2005.

STEFÁNSHÚS

Staðs.: Við Hafnargötu, rétt utan við Félagsgarð, Hafnargötu 8.

Byggingarár: SM:1897, GG:1907.

Önnur nöfn: Concondia, sem var verslun í kjallara hússins. Garður, Garðarhús, Stefánshús.

Eigandi/ábúandi: 1916 og 1930:

Stefán Jakobsson.

Örlög: Rifið.

Heimild: Guðrún Gunnarsdóttir; Fasteignamat fyrir Búðahrepp 1916; Fasteignamat fyrir Búðahrepp 1930; Sigmar Magnússon 2000

HLÍÐARENDI (GAMLI)

Staðs.: Þar sem Draumaland, Hamarsgötu 13 er í dag.

Byggingarár: 1896.

Önnur nöfn: Indriðakot, Indriðahús

Eigandi/ábúandi: 1916 og 1930:

Indriði Finnbogason.

Örlög: Rifið fyrir 1958, en þá er núverandi Hlíðarendi reistur á sama stað.

Aths.: Í FM1930 talið óvandað og hrörlegt að öllu leyti.

Heimild: Guðrún Gunnarsdóttir; Fasteignamat fyrir Búðahrepp 1916; Fasteignamat fyrir Búðahrepp 1930.

NÓTAHÚS

Staðs.: Ofan við Hilmi, Hafnarg. 19. Stóð rétt ofan í fjöru fyrir innan Kompaníð.

Örlög: Rifið og timbrið notað til að byggja Brautarholt, Búðaveg 13 árið 1948.

Heimild: Guðrún Gunnarsdóttir. FGH 2005.

BEITISKÚR

Staðs.: Við Tanga.

Byggingarár: 1900.

Örlög: Rifið 2000.

Heimild: Guðrún Gunnarsdóttir.

[HOF, ELDRA?]

Staðs.: Ekki vitað, en í næsta nágrenni utan við Templarann, Búðavegi 8.

Byggingarár: 1915 og stækkað 1920

Eigandi/ábúandi: 1930: Gunnlaugur J. Guðmundsson.

Aths: Skv. FM1930 aðallega notað til verslunar, zölubúð og pakkhús en einnig íbúðarherbergi. Ekkert Hof er nefnt í manntali 1930 skv. Guðrónu Gunnarsdóttur. Tilgáta var um að hér væri um að ræða enn eitt nafnið á Kompaníð (sjá bls. 13), en bæði Hof og Kompaníð (Nýi- Kaupstaður) eru nefnd í Fasteignamati frá 1930

Heimild: Fasteignamat fyrir Búðahrepp 1930.

KOMPAÑÍÐ, VERSLUN

Staðs.: Stóð við Búðaveg, á gatnamótum Hamarsgötu og Búðavegs (sjá kort í Viðauka III).

Byggingarár: SM:1896, FM1930: 1897, endurbætt 1920 og 1929.

Önnur nöfn: Gistihús Einars Jónssonar, Sóli, Nýi-Kaupstaður.

Eigandi/ábúandi: 1916: Einar Jónsson skósmiður og Emilía Jónsdóttir kona hans. 1920: Marteinn Þorsteinsson og Björgvin Þorsteinsson. Síðar Baldur Björnsson.

Örlög: Rifið 1. sept. 1973.

Aths.: Var verslunar- og gistihús. Reist 1896 en stækkað og endurbætt 1910. Tvílyft timburhús. Var um tíma rekið undir nafninu Marteinn Þorsteinsson og co.

Heimild: Guðrún Gunnarsdóttir; Fasteignamat fyrir Búðahrepp 1916; Fasteignamat fyrir Búðahrepp 1930; Sigmar Magnússon 2000.

MÍÐHÚS

Staðs.: Búðavegur 2a (sjá kort í Viðauka III).

Byggingarár: FM1916: 1896, FM1930: 1906.

Eigandi/ábúandi: 1916: Eyjólfur Sigurðsson og Björn Jónsson. 1930: Eyjólfur Sigurðsson.

Örlög: Rifið. Brann í mars 1988.

Aths: Sigmar Magnússon nefnir ekki þetta nafn á húsi í upptalningu sinni á húsum í Búðarþorpi fram til 1897.

Heimild: Guðrún Gunnarsdóttir; Fasteignamat fyrir Búðahrepp 1916; Fasteignamat fyrir Búðahrepp 1930; Sigmar Magnússon.

SÓMASTAÐIR (ELDRI)

Staðs.: Á sama stað og núverandi Sómastaðir, Skólavegi 33 (sjá kort í Viðauka III).

Byggingarár: 1900.

Eigandi/ábúandi: 1916: Örum og Wulff. 1930: Halldór Pétursson.

Örlög: Rifið fyrir 1941, en þá eru nýju Sómastaðir byggðir.

Heimild: Guðrún Gunnarsdóttir; Fasteignamat fyrir Búðahrepp 1916; Fasteignamat fyrir Búðahrepp 1930.

HJARÐARHOLT

Staðs.: Búðavegur 2.

Byggingarár: 1922.

Önnur nöfn: Vegur.

Eigandi/ábúandi: 1930: Guðmundur S. Stefánsson.

Örlög: Rifið.

Heimild: Guðrún Gunnarsdóttir; Fasteignamat fyrir Búðahrepp 1930.

KNELLAN

Staðs.: Utan við Miðhús, Búðavegi 2a en innan við Hjarðarholt sem stóð við Búðaveg 2.

Byggingarár: GG:1910-20. FM1916: 1897. FM1930: 1890, en fullgert 1928.

Önnur nöfn: Þjóðbraut, kallað Blómsturvellir í FM1916.

Eigandi/ábúandi: 1916: Björn Guðmundsson og Guðmundur Björnsson; 1930: Björn Guðmundsson.

Örlög: Rifið.

Heimild: Guðrún Gunnarsdóttir; Fasteignamat fyrir Búðahrepp 1916; Fasteignamat fyrir Búðahrepp 1930.

[BERLÍN]

Staðs.: Á svipuðum slóðum og Templarinn, Búðavegi 8 og Sunnuhvoll, Skólavegi 31.

Byggingarár: 1926.

Eigandi/ábúandi: Sigurður Jónsson

Aths: Trésmíðavinnustofa, óvönduð. Útveggir sagðir gallaðir skv. FM1930.

Ath: Menn kannast ekki við hús með þessu nafni á þessum slóðum. Tilgáta um að hér væri annað nafn á Hamborg, en bæði Berlín og Hamborg eru nefnd í Fasteignamatinu 1930.

Heimild: Fasteignamat fyrir Búðahrepp 1930.

VEGAMÓT

Staðs.: Búðavegur 4.

Byggingarár: 1907.

Eigandi/ábúandi: 1907: Sigbjörn Stefánsson, 1930: Guðjón Ólafsson.

Örlög: Rifið.

Heimild: Guðrún Gunnarsdóttir; Fasteignamat fyrir Búðahrepp 1916; Fasteignamat fyrir Búðahrepp 1930.

MERKÚR

Staðs.: Búðavegur 6.

Byggingarár: 1936.

Örlög: Rifið 1998.

Aths.: Tilgáta um að hér sé um að ræða sama hús og nefnt er Verslunarhús Margrétar Jónsdóttur, bls. 19 (FGH), en það stemmir ekki við byggingarár skv. FM1916.

Staðsetning er þó svipuð.

Heimild: Guðrún Gunnarsdóttir. FGH 2005.

GAMLA PÓSTHÚS

Staðs.: Búðavegur 6.

Byggingarár: GG:1910-20, FM1930: 1896.

Eigandi/ábúandi: 1930: Finnbogi Jónsson.

Örlög: Rifið 1976

Aths.: Skv. FM1930 er þetta óvandað hús, „farið allmikið að fyrnast“.

Heimild: Guðrún Gunnarsdóttir; Fasteignamat fyrir Búðahrepp 1930

BALDURSHAGI (ELDRI)

Staðs.: Búðavegur 10, sama stað og núverandi Baldurshagi (sjá kort í Viðauka III).

Byggingarár: GG:1893, SM: 1895. FM1916: 1896. FM1930: 1893.

Eigandi/ábúandi: 1893: Einar Einarsson; 1895: Guðmundur Jónsson, 1916: Hinar sameinuðu íslensku verslanir. 1930: Bergkvist Stefánsson.

Örlög: Rifin 1929 þegar nýr Baldurshagi var reistur.

Heimild: Guðrún Gunnarsdóttir; Fasteignamat fyrir Búðahrepp 1930; Sigmar Magnússon 2000.

BALDURSHAGI NR. 2

Staðs.: ?

Byggingarár: 1896.

Eigandi/ábúandi: 1896: Sigurður Einarsson, var áður í Baldurshaga
Heimild: Sigmar Magnússon 2000.

HAMBORG

Staðs.: Við Búðaveg, neðan við Baldurshaga, Búðavegi 10, innan við Templarann.

Byggingarár: 1925.

Eigandi/ábúandi: 1930: Jóhann Indriðason.

Örlög: Var flutt í Brimnesgerði 1936.

Aths.: Í FM1930 sagt óvandað pakkhús.

Heimild: Guðrún Gunnarsdóttir; Fasteignamat fyrir Búðahrepp 1930.

YTRI - BÚÐIR (ELDRI)

Staðs.: Á sama stað og Ytri Búðir, Skólavegi 34 standa nú (sjá kort í Viðauka III).

Byggingarár: 1908.

Önnur nöfn: Búðir.

Eigandi/ábúandi: 1916: Erfingjar Gísla Högnasonar póstafrgreiðslumanns.

Örlög: Rifið fyrir 1924, en þá eru núverandi Ytri-Búðir byggðar.

Heimild: Guðrún Gunnarsdóttir; Fasteignamat fyrir Búðahrepp 1916; Fasteignamat fyrir Búðahrepp 1930.

EFRI-HAGI (GAMLI)

Staðs.: Aðeins ofar en núverandi Efri-Hagi, Skólavegi 37, þar sem gatan liggur nú.

Byggingarár: FM1916: 1898.

Eigandi/ábúandi: 1916: Þórður Árnason.

Örlög: Rifið fyrir 1921 en þá er búið að reisa nýja Efri-Haga skv. FM1930.

Heimild: Guðrún Gunnarsdóttir; Fasteignamat fyrir Búðahrepp 1916; Fasteignamat fyrir Búðahrepp 1930.

HOFFELL- MIÐKAUPSTAÐUR

Staðs.: Búðavegur 12 (sjá kort í Viðauka III).

Byggingarár: GG: 1897. FM1916 og FM1930: byggt 1902-1918. Samkvæmt Sigmar Magnússyni (2000) keypti Stangeland hús sem veiðifélag Arnlies hafði reist árið 1883.

Önnur nöfn: Stangelandshús, Kobbervík
Eigandi/ábúandi: 1916 og 1930:

Verslun P. Stangeland.

Örlög: Rifið 27.des 1992.

Aths.: Við íbúðarhúsið stóðu skv. FM1916 eftirfarandi útihús: *Vöruhús* byggt 1906, *fiskihús* byggt 1902, *sjóhús* byggt 1915 og *nótahús*.

Í FM1930 eru útihús sögð þessi: *Tvö sjóhús, vöruhús, nótahús, ís- og frystigeymsluhús, hlaða, fjós og fuglahús.*

Heimild: Guðrún Gunnarsdóttir; Fasteignamat fyrir Búðahrepp 1916; Fasteignamat fyrir Búðahrepp 1930.

MELBÆR

Staðs.: Við Búðaveg, innan og ofan við Pétursborg, Búðavegi 12a (sjá kort í Viðauka III).

Byggingarár: GG og FM1916: 1898, FM 1930: 1892.

Eigandi/ábúandi: 1916: Guðmundur Ásgeirsson.

Örlög: Rifið.

Heimild: Guðrún Gunnarsdóttir; Fasteignamat fyrir Búðahrepp 1916; Fasteignamat fyrir Búðahrepp 1930.

GAMLI BARNASKÓLINN

Staðs.: Þar sem nú er Leikskóli Búðahrepps, Skólavegi 39.

Byggingarár: 1906.

Eigandi/ábúandi: Búðahreppur.

Örlög: Brann 4. nóv. 1929.

Aths.: Nýr barnaskóli endurbyggður á sama stað, þar er nú leikskóli Búðahrepps.

Heimild: Guðrún Gunnarsdóttir; Fasteignamat fyrir Búðahrepp 1916.

MELBRÚN (ELDRÍ)

Staðs.: Við Búðaveg, aðeins ofar en núverandi Melbrún, Búðavegi 24 (sjá kort í Viðauka III).

Byggingarár: 1894.

Eigandi/ábúandi: 1894: Þórarinn Marteinnsson og Karólína Jónsdóttir

Örlög: Rifið

Heimild: Guðrún Gunnarsdóttir; Sigmar Magnússon 2000.

UPPSALIR

Staðs.: Stóð við Búðaveg 28, en var þar sem Kaupfélagið er í dag við Skólaveg 59.

Byggingarár: 1902.

Önnur nöfn: Skriða.

Eigandi/ábúandi: 1916: Björn Benediktsson. 1930: Sigríður Ögmundsdóttir.

Örlög: Rifið árið 1979.

Heimild: Guðrún Gunnarsdóttir; Fasteignamat fyrir Búðahrepp 1930.

VINGÓLF

Staðs.: Við Búðaveg, neðan við þar sem Kaupfélagið er í dag, Skólavegi 59 (sjá kort í Viðauka III).

Byggingarár: 1890.

Eigandi/ábúandi: Fyrstur Þórólfur Vigfússon.

Örlög: Brann síðla árs 1898.

Aths.: Var veitingahús.

Heimild: Guðrún Gunnarsdóttir; Sigmar Magnússon 2000.

(*)FRAMKAUPSTAÐUR

Staðs.: Þar sem nú er Hafnargata 32-34, þar sem Fram stendur.

Byggingarár: SM: 1889, FM1916: 1882; FM1930: 1906, endurbætt 1923. Fyrstu hús í Framkaupstað voru reist um 1883, þá sem aðstaða fyrir veiðifélag Thoresens. 1888-1889 keyptu Örum og Wulff aðstöðu hans og settu sig niður á Álfamelseyri (Sigmar Magnússon 2000).

Önnur nöfn: Útkaupstaður¹, Álfamelseyri, Álfavík, Verslun Örum og Wulff

Eigandi/ábúandi: 1890: Carl Guðmundsson kaupmaður. 1930: Verslun Júlíusar Guðmundssonar.

Örlög: Brann. Húsið sem nú stendur á þessum slóðum er reist árið 1948.

Aths.: Árið 1905 féll **snjóflóð** í Fáskrúðsfirði sem féll á hús í Búðakaupstúni. Ekki er með vissu vitað á hvaða hús það flóð féll, en hugsanlegt er talið það hafi fallið á Framkaupstað.

Í fasteignamati frá árinu **1916 eru talin upp eftirfarandi hús** í Framkaupstað (Verslunarhús Örum og Wulff): *Sölubúð* frá 1882, endurbætt 1914, *vöruhús* frá 1894, *fiskihús* frá 1892, *íbúðarhús*: ein íbúð með 10 herb. Öll húsin eru úr timbri. Á lóðinni eru stórir þerrireitir og tréþallur á stólpum, áföst við hann traust hafskipabryggja.

Í fasteignamati frá árinu 1930 var íbúðarhús og verslun í sama húsi, talið fremur vandað og útihús sögð eftirfarandi: *Verslunarhús, kjöthús, beitningahús, hlaða, fjós og hjallur.*

Nöfnin Útkaupstaður og Framkaupstaður eru svolítið á reiki. Upprunalega hét verslun Karls Guðmundssonar Útkaupstaður en árið 1895 var Framkaupstaður, verslun Karls Tuliniusar flutt utar í þorpið (frá þar sem nú er Sjólyst, Búðavegi 41a að þar sem nú er Tangi, Hafnargötu 17). Eftir það gátu verslanirnar ekki haldið upprunalegum nöfnum, enda staðsetning þeirra víxlast. Útkaupstaður var nú framar en Framkaupstaður og Framkaupstaður þ.a.l. utar en Útkaupstaður! Um tíma var þetta leyst þannig að Verslun Karls Guðmundssonar var nefnd Álfavík en

¹ Nöfnin Framkaupstaður og Útkaupstaður víxluðust um og eftir 1895.

fljótlega fékk hún nafnið Framkaupstaður til frambúðar.

Heimild: Guðrún Gunnarsdóttir; Fasteignamat fyrir Búðahrepp 1916; Fasteignamat fyrir Búðahrepp 1930; Fasteignamat fyrir Búðahrepp 2002; Sigmar Magnússon 2000; Tómas Jóhannesson 2002.

HÚS TANGAVERSLUNAR

Staðs.: Í næsta nágrenni Tanga, Hafnargötu 17.

Byggingarár: 1907

Önnur nöfn: Miðströnd.

Eigandi/ábúandi: 1907: Carl D. Tulinius og Jón Stefánsson verslunarstjóri. 1916: Hinar sameinuðu íslensku verslanir

Örlög: Tangi, Hafnargötu 17 stendur enn, en önnur hús eru horfin.

Aths: Í fasteignamati frá 1916 eru eftirfarandi hús talin upp sem verslunarhús Hinna sameinuðu íslensku verslana: *Íbúðarhús hús með sölubúð* byggt 1895, *vöruhús* byggt 1907, *sjóhús* byggt 1907, *salthús nótahús, smiðja, fjós*. Flest húsin úr timbri. Verslunarrekstur, fiskverkun, og steinlagðir fiskireitir á lóðinni, út frá lóð byggð hafskipsbryggja með trépöllum.

Heimild: Fasteignamat fyrir Búðahrepp 1916; Sigmar Magnússon 2000, Guðrún Gunnarsdóttir.

LINDARBREKKA

Staðs.: Álfabrekka 3.

Byggingarár: 1944.

Örlög: Rifið 1993.

Heimild: Guðrún Gunnarsdóttir.

ÁS

Staðs.: Við Búðaveg, ofan við Brekku, Hafnargötu 42.

Byggingarár: 1915.

Eigandi/ábúandi: 1916: Sveinn Benediktsson og Björgvin Þorsteinsson. 1930: Björgvin Þorsteinsson.

Örlög: Brann 1. apríl 1968.

Heimild: Guðrún Gunnarsdóttir. Fasteignamat fyrir Búðahrepp 1916; Fasteignamat fyrir Búðahrepp 1930.

SÓLBAKKI (ELDRI)

Staðs.: Við Búðaveg 37, ofan við Lögberg, Búðavegi 37a.

Byggingarár: GG:1930, FM1930: 1927.

Eigandi/ábúandi: 1930: Magnús Eiríksson.

Örlög: Var fluttur 17. sept 1994 og stendur nú utan við Hvamm sunnan í Fáskrúðsfirði.

Heimild: Guðrún Gunnarsdóttir; Ágúst Böðvarsson 1944-1945; Fasteignamat fyrir Búðahrepp 1930.

GILSTUNGA (ELDRI)

Staðs.: Stóð örlitlu neðar en núverandi Gilstunga, Búðavegi 44.

Byggingarár: SM: 1896, GG:1890-1901, FM1916: 1892, FM1930:1888.

Eigandi/ábúandi: 1893: Halldór Stefánsson, 1896: Stefán Stefánsson, 1916 og 1930: Þorsteinn Ögmundsson.

Örlög: Rifið, líklega fyrir 1916 því að þá er nefndur ábúandi í Gilstungu Þorsteinn Ögmundsson sem bjó í þeirri Gilstungu sem stendur í dag.

Ath.: Þorsteinn Ögmundsson bjó í þeirri Gilstungu sem stendur í dag og líklega er því byggingarár Gilstungu, Búðavegi 44 (1930) skv. Fasteignamati rangt.

Heimild: Guðrún Gunnarsdóttir; Fasteignamat fyrir Búðahrepp 1916; Fasteignamat fyrir Búðahrepp 1930; Sigmar Magnússon 2000.

GERÐI (ELDRA)

Staðs.: Á sömu lóð og Gerði sem nú stendur við Hamarsgötu 1.

Byggingarár: ?, en stóð árið 1901.

Önnur nöfn: Jónshús

Örlög: Nýtt Gerði risið árið 1942.

Heimild: Guðrún Gunnarsdóttir;

SVALBARÐ

Staðs.: Neðan við Búðaveg 46 (sjá kort í Viðauka III).

Byggingarár: GG: 1893. FM1916: 1909. FM1930: 1909.

Eigandi/ábúandi: 1893: Sveinn Árnason snikkari ásamt konu og börnum. 1916: Eiríkur Oddsson. 1930: Sigríður Brynjólfssdóttir.

Örlög: Rifið 1972.

Heimild: Guðrún Gunnarsdóttir; Fasteignamat fyrir Búðahrepp 1916, Fasteignamat fyrir Búðahrepp 1930; Sigmar Magnússon 2000.

GILSBAKKI (ELDRI)

Staðs.: Utan og ofan við Odda, Búðavegi 55.

Byggingarár: SM: 1893, GG:1901-10, FM1930 segir það fullgert 1921.

Eigandi/ábúandi: 1893: Einar Sigurðsson, sem áður bjó í Brekku ásamt konu sinni Vilhelmínu Árnadóttur. 1930: Hjörtur Pálsson.

Örlög: Rifið.

Heimild: Guðrún Gunnarsdóttir; Fasteignamat fyrir Búðahrepp 1930; Ágúst Böðvarsson 1944-45; Sigmar Magnússon 2000.

DVERGASTEINN

Staðs.: Utan við Brekku, Hafnarg. 42

Byggingarár: 1910.

Eigandi/ábúandi: 1916: Sigurður Einarsson. 1930: Ólafur Finnbogas.

Örlög: Rifið.

Heimild: Guðrún Gunnarsdóttir; Fasteignamat fyrir Búðahrepp 1916; Fasteignamat fyrir Búðahrepp 1930.

BERGÞÓRSHVOLL

Staðs.: Hamarsgötu 10.

Byggingarár: 1920.

Eigandi/ábúandi: 1930: Stefán Pálsson.

Örlög: Rifið 1998.

Heimild: Guðrún Gunnarsdóttir; Fasteignamat fyrir Búðahrepp 1930.

MELKOT

Staðs.: Ofan við þar sem Lækjarhvoll stóð, Hamarsgötu 17.

Byggingarár: 1908.

Eigandi/ábúandi: 1930: Aron Hannesson.

Örlög: Rifið.

Heimild: Guðrún Gunnarsdóttir; Fasteignamat fyrir Búðahrepp 1930.

LÆKJARHVOLL

Staðs.: Hamargata 17.

Byggingarár: 1942.

Örlög: Rifið 1997.

Heimild: Guðrún Gunnarsdóttir.

BJARNABORG

Staðs.: Lækjarhvoll, Hamarsgötu 17 var byggður á grunni Bjarnaborgar.

Byggingarár: 1919.

Eigandi/ábúandi: 1930: Bjarni B. Austmann.

Örlög: Fauk í miklu óveðri fyrir 1942.

Heimild: Guðrún Gunnarsdóttir; Fasteignamat fyrir Búðahrepp 1930.

HÁTÚN

Staðs.: Stóð á milli Bröttuhlíðar, Hamarsg. 23 og Nýborgar, Hamarsg. 25 (sjá kort í Viðauka III).

Byggingarár: SM: 1895, GG:1894-1899.

Önnur nöfn: Skjálfandi. (Háhlíð í FM1916).

Eigandi/ábúandi: 1895: Jónas Gíslason sem áður bjó í Gullbringu. 1916: Tryggvi Guðmundsson 1930: Sigurbjörn Sigurðarson.

Örlög: Rifið 1957.

Heimild: Guðrún Gunnarsdóttir; Fasteignamat fyrir Búðahrepp 1916; Fasteignamat fyrir Búðahrepp 1930; Sigmar Magnússon 2000.

MELSTAÐUR, (GAMLI)

Staðs.: Á sama stað og Melstaður (Nýi), Hlíðargötu 32 (sjá kort í Viðauka III).

Byggingarár: 1896 (1890).

Önnur nöfn: Hinsahús, Ponta.

Eigandi/ábúandi: 1916: Jón Sveinsson, 1930: Hinrik Jónsson.

Örlög: Endurbyggt á sama stað en flutt árið 1970 inn að gamla fótboltavellinum þar sem það fauk út í veður og vind.

Aths.: Sigmar (2000) nefnir ekki Melstað í sinni umfjöllun um hús í Búðarþorpi fram til 1897.

Heimild: Guðrún Gunnarsdóttir; Fasteignamat fyrir Búðahrepp 1930; Sigmar Magnússon 2000.

MIÐBÆR (GAMLI)

Staðs.: Þar sem nú stendur Miðbær (Nýi) Hlíðargötu 33.

Byggingarár: 1920.

Eigandi/ábúandi: 1930: Kristján Magnússon, Stöðvarhreppi.

Örlög: Rifið. Nýi Miðbær er reistur 1940.

Aths.: Í FM1930 talið óvandað.

Heimild: Guðrún Gunnarsdóttir; Fasteignamat fyrir Búðahrepp 1930; Fasteignamat fyrir Búðahrepp 2002.

BREKKUBORG (ELDRI)

Staðs.: Þar sem nú stendur Brekkuborg (yngri), Hlíðargötu 34.

Byggingarár: 1922.

Eigandi/ábúandi: 1930: Erlendur Jónsson.

Örlög: Rifið 1964 eða 1965.

Aths.: Í FM1930 talið óvandað.

Heimild: Guðrún Gunnarsdóttir; Fasteignamat fyrir Búðahrepp 1930.

KIRKJUBÆR

Staðs.: Þar sem gatnamót Borgarstígs og Hlíðargötu eru í dag.

Byggingarár: GG og FM1916: 1914, en FM1930: 1910

Eigandi/ábúandi: 1916: Valdimar Sigurðsson og Sveinn Þorvarðarson; 1930: Sveinn Þorvarðarson.

Örlög: Rifið.

Heimild: Guðrún Gunnarsdóttir.

TUNGUHLÍÐ (ELDRI)

Staðs.: Aðeins ofar en núverandi Tunguhlíð, Hlíðargötu 43.

Byggingarár: 1921.

Eigandi/ábúandi: Sören V. Gunnarss.

Örlög: Rifið.

Aths.: Talið óvandað í FM 1930: Tré á tvo vegu og grjóthlaðið á tvo vegu.

Heimild: Guðrún Gunnarsdóttir; Fasteignamat fyrir Búðahrepp 1930.

ÁRNAGERÐI (ELDRA)

Staðs.: Þar sem núverandi Árnagerði stendur, við Skólaveg 15.

Byggingarár: 1926

Eigandi/ábúandi: 1930: Guðmundur Jónsson.

Örlög: Rifið.

Heimild: Guðrún Gunnarsdóttir; Fasteignamat fyrir Búðahrepp 1930.

TRYGGVASKÁLI

